

Samþykki um upplýsingaöflun og umboð vegna erindis

Með samþykki þessu er umboðsmanni skuldara veitt heimild til að afla upplýsinga, m.a. um tekjur, gjöld, eignir og skuldir, frá tilgreindum aðilum. Þá er umboðsmanni skuldara veitt heimild til að annast milligöngu um samskipti við sömu aðila. Samþykki þetta og umboð er veitt til þess að umboðsmaður skuldara geti afgreitt erindi sem undirritaður hefur sent embættinu.

Undirritaður er beðinn um að tilgreina í auðu línunum hér að neðan þann/þá aðila sem undirritaður veitir umboðsmanni skuldara heimild til að hafa samband við í framangreindum tilgangi.

Undirritaður getur afmarkað heimild umboðsmanns skuldara, til öflunar ákveðinna upplýsinga, (t.d. að einungis sé heimilt að afla upplýsinga um skuldir), með skriflegum hætti í auðu línunum hér að neðan.

Umboðsmaður skuldara getur eftir atvikum aflað upplýsinga með rafrænum hætti ef embættið hefur vefþjónustu við tilgreinda aðila. Þá getur umboðsmaður skuldara sent skrifleg erindi þar sem óskað er eftir upplýsingum og milliganga er um samskipti. Samþykki þessu og umboði er framvísað með skriflegum erindum til tilgreindra aðila og er þá jafnframt greint frá ástæðu þess að undirritaður hefur leitað til umboðsmanns skuldara.

Vakin skal athygli á því að það er á forræði umboðsmanns skuldara hvernig erindi er afgreitt.

Upplýsinga er aflað á grundvelli 3. gr. laga nr. 100/2010 um umboðsmanns skuldara og er upplýsingaöflunin háð því skilyrði að hún sé nauðsynleg og fylgt sé ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Samþykki þetta og umboð gildir meðan erindi undirritaðs er til vinnslu hjá umboðsmanni skuldara. Undirritaður getur afturkallað heimildina á öllum stigum máls. Afturköllun felur í sér að embættið stöðvar alla vinnslu persónuupplýsinga og hættir milligöngu í samskiptum við tilgreinda aðila. Sé frekari vinnsla persónuupplýsinga og/eða milliganga í samskiptum nauðsynleg, þegar heimild þessi er afturkölluð, getur afturköllunin haft þau áhrif að stöðva verður vinnslu erindisins.

Undirritaður staðfestir með undirskrift sinni að hafa kynnt sér hvað felst í samþykki þessu og umboði. Þá staðfestir undirritaður með undirskrift sinni að vera samþykkur þeirri vinnslu sem mun eiga sér stað og vera kunnugt um tilgang hennar og framkvæmd.

Á vefsíðu embættisins er birt persónuverndarstefna þar sem finna má allar nánari upplýsingar um meðferð persónuupplýsinga og réttindi einstaklinga.

Staður, dagsetning

Undirskrift

Kennitala

Undirskrift

Kennitala